

Íslenskur iðnaður

02. tölublað 16. árg.

Febrúar 2010

Samtök iðnaðarins

SI

IÐNÞING

2010

MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ - vilji til vaxtar



Aðalfundur Samtaka iðnaðarins hefst klukkan 9.30. Að loknum hádegisverði hefst opin dagskrá sem stendur frá klukkan 13.00 til 16.00.

Helgi Magnússon formaður Samtakanna og iðnaðarráðherra **Katrín Júlíusdóttir** flytja ávörp.

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar kapital og **Jón Sigurðsson**, forstjóri Össurar flytja erindi.



Eftir kaffihlé stýrir fundarstjóri Iðnþings, **Þorsteinn Víglundsson** umræðum í pallborði. Þar taka þátt **Vilborg Einarsdóttir**, framkvæmdastjóri Mentors, **Tómas Már Sigurðsson**, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, **Ari Kristinn Jónsson**, rektor Háskólans í Reykjavík og **Þorsteinn Ingi Sigfússon**, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Iðnþingi lýkur um kl. 16.00.



Menntadagur iðnaðarins 2010

Um 100 manns sóttu málþing Samtaka iðnaðarins, MENNTUN OG VÖXTUR, sem haldið var á Grand Hótel á dögnum. Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, ávarpaði þingið og afhenti fimm fyrirtækjum styrki SI til kennslu á vinnustað. Þau eru Gullkistan, Kjarnafæði, Sveinbjörn Sigurðsson hf., Vélaverkstæði Hjalta og Vélsmiðja Hornafjarðar.

Á þinginu var spurt hvernig menntakerfið geti treyst undirstöður atvinnulífsins, hvaða hlutverki skólar gegni við að byggja upp íslenskt atvinnulíf og hvort hagræðingarkrafa í menntakerfinu feli í sér tækifæri til sóknar.

Framhald á bls. 5



bls. 2



Menntun til vaxtar

bls. 3



Í framboði til stjórnar SI

bls. 4



Björgvin Tómasson orgelsmiður

bls. 5



Námskeið á vorönn hjá IÐUNNI

bls. 8



FKA verðlaunar Mentor og Stika

Menntun til vaxtar



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Á menntadegi iðnaðarins var kastljósinu beint að samhengi menntunar og vaxtar. Tengslin þarna er brýnt að ræða og setja í samhengi við verkefni sem blasa við og ekki verður með neinu móti vikist undan.

Athyglinni hefur verið beint að því að á næstu tíu árum þurfi að skapa um 35.000 manns atvinnu og bent á að stærsti hlutinn verður að hasla sér völl í þeim greinum sem líklegastar eru til þess að vaxa á næstu árum og geta tekið við öllum þessum fjölda. Það blasir við að gjaldeyrisskapandi iðnaður og þjónusta í víðum skilningi orðanna eru þær greinar sem verða að bera hitann og þungan af vextinum.

Ekki er allt sem sýnist

Íslendingar eru jafnan stoltir af því að vera vel menntuð þjóð og rík af mannaúði. Þegar skyggst er um bak við þau tjöld kemur hins vegar í ljós að þar er



ekki allt sem sýnist. Fjöldi þeirra sem einungis hefur lokið grunnskólaprófi er óvenju hár á Íslandi í samanburði við önnur vestræn ríki. Þá eru háskólamenntaðir sömuleiðis færri. Þrátt fyrir þetta sýnir samanburður að Íslendingar eru í hópi þeirra þjóða sem verja hvað mestu til menntamála. Þá er líka vert að varpa fram þeirri spurningu hvort menntakerfið skili okkur samfélagslegum ávinningi í samræmi við útgjöldin, m.a. hvort hún hafi orðið grundvöllur starfsemi sem skapar arðbær störf og þjóðfélaginu mikilvægra tekna. Svarið er auðvitað ekki einhlítt en þó má örugglega fullyrða að við getum gert betur. Útflutningur okkar, a.m.k. vöruútflutningur, hefur verið afar einhæfur lengst af. Hin síðari ár hefur þó heldur ræst úr.

Þvinguð staða

Ekki þarf að fjölyrða um efnahagserfiðleika okkar og nauðsynlegan samdrátt í útgjöldum hins opinbera. Samtímis þurfum við að róa að því öllum árum að auka tekjur þjóðarinnar og styrkja og gera tekjugrunninn fjölbreyttari. Brýnt er að nýta tækifærið sem við höfum við þessar aðstæður til þess að endurskoða áherslur í menntamálum. Við eigum engan annan kost en að forgangsraða á öllum stigum menntunar og beina athyglinni að greinum sem eru líklegri til að skila árangri og örva vöxtinn.

Þó staðan sé þröng í ljósi takmarkaðra fjármuna þarf hvorki að þvinga nemendur né skóla til þess að breyta áherslum í námsvali og kennslu. Þess í stað á að hvetja og örva með kynningu, ímyndarvinnu og fjárhagslegum hvötum.

Kassarnir

Flestir eru helst til kassalaga í hugsun sinni. Líður best þegar þeir vita hvaða hólf þeir tilheyra. Þetta gildir ekki síst um nám og störf fólks. Við lærum eitt-hvað til þess að VERÐA eitthvað og síðan ERUM við það. Það er minna um



að horft sé til þess að læra til að GETA leyst verkefni eða öðlast HÆFNI til að geta tekist á við fjölbreytt verkefni og leyst þau. Menntunin fellur í þessi hólf. Fyrst er það verklegt og bóklegt, svo háskólamenntun og önnur skólastig, raunvísindi og hugvísindi. Þegar út á vinnumarkaðinn kemur er oft meira horft til þess sem menn ERU en til þess sem menn GETA. Þar stendur hver vörð um kassann sinn og er óhæfa ef einhverjir vilja úr einum kassa í annan eða vilja horfa fram hjá kassaskipulaginu.

Er ekki rétt að fækka kössunum aðeins. Er ekki rétt að hafa fleiri liti í penslinum?

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
02. tbl. 16. árg. Febrúar 2010
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 11.02.2010
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Prófarkalestur: Ingi Bogi Bogason og Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.



Í framboði til stjórnar SI

Kosið er til almennrar stjórnarsetu til tveggja ára í senn. Í ár er kosið um þrjú sæti auk formannssætis. Íslenskur iðnaður spurði frambjóðendur um áhugamál þeirra auk þess að grennslast fyrir um ástæðu þess að viðkomandi býður sig fram til stjórnar Samtaka iðnaðarins.



Í kjöri til formanns SI

Helgi Magnússon

f. 14. janúar 1949

Stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins Hörpu ehf.



Anna María Jónsdóttir

f. 5. september 1967, Heilsueyjan ehf.

Ég býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn SI. Ég tel að rödd smærri fyrirtækja innan SI sé mikilvæg, sérstaklega sprotafyrirtækja. Þau eiga möguleika á að skapa gríðarleg verðmæti og efla og byggja upp íslenskt atvinnulíf. Ég tel að þáttur kvenna þurfi að vera meira áberandi í stjórn fyrirtækja. Ég sit í stjórn Kraums hönnunarverslunar og er einnig í menntanefnd SI en menntamál tel ég mjög mikilvæg fyrir þróun atvinnulífsins. **Áhugamál** eru fyrst og fremst starfið mitt en ég er snýrtífræðingur og nuddari. Auk þess vinn ég við ráðgjöf sem tengist almennri heilsu og vellíðan.



Ingvar Kristinsson

f. 13. júní 1962, Fjölblendir ehf.

Ég hef viðtæka reynslu af rekstri og stjórnun fyrirtækja, jafnt smárra sem stærri. Ég kom fyrst inn í stjórn Samtaka iðnaðarins starfandi í upplýsingatekniiðnaði, en er nú framkvæmdastjóri Fjölblendis, lítils þróunarfyrirtækis, sem mun stíga sín fyrstu skref með vörur sínar á markaði á þessu ári. Reynsla mín og þekking á fjölbreyttum þörfum og hagsmunum iðnfyrirtækja mun nýtast vel í stjórn Samtakanna. Því gef ég áfram kost á mér í stjórnina. **Áhugamál:** Golf, gönguferðir og bridge.



Sigsteinn P. Grétarsson

f. 08. nóvember 1966, Marel á Íslandi

Ég hef 18 ára reynslu af stjórnunarstörfum á Íslandi, í Þýskalandi, Danmörku og Ástralíu. Sprotafyrirtæki eru mikilvæg uppspretta verðmætasköpunar Íslands í framtíðinni. Ég tel að reynsla Marel í uppbyggingu hátækniiðnaðar og í alþjóðavæðingu geti nýst íslenskum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Samtök iðnaðarins eru góður vettvangur til þess að miðla þeirri reynslu. Mikilvægustu verkefni Samtaka iðnaðarins er að tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum viðunandi starfsumhverfi til verðmætasköpunar sem tryggir endurreisn þjóðfélagsins. Einnig þarf að hlúa að sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum til að ýta undir verðmætasköpun fyrri/snemma á vaxtar-skeiði þeirra. Skapa þarf samstöðu í vaxtarstígs-, gjaldmiðils- og skattamálum með samkeppnisstöðu Íslands að leiðarljósi. **Áhugamál:** Fritíma minn nota ég í samverustundum með fjölskyldunni og þá helst á skíðum og útivist í íslenskri náttúru.



Bolli Árnason

f. 25. desember 1959, GT Tækni ehf.

Ég hef áhuga á að beita mér til hagsbóta fyrir iðnaðinn og atvinnulífið í heild. Ég vil tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að standast alþjóðlega samkeppni, efla verk- og tæknimenntun, hlúa að sprotafyrirtækjum, auka framleiðni með gæðastjórnunarkerfum og halda áfram að styðja það góða starf sem unnið er á ýmsum sviðum innan Samtaka iðnaðarins. **Áhugamál:** Skokk, almenn útivist og stangveiði.



Hilmar V. Pétursson

f. 14. júlí 1973, CCP hf.

Í gegnum störf mín hjá CCP í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi hef ég kynnst þeim leiðum sem aðrar þjóðir hafa farið til að ýta undir sprotaíðnað og hvetja til nýsköpunar. Síðustu 5 ár hef ég komið að starfi Samtaka iðnaðarins á margvíslegan hátt. Ég hef setið í stjórn fyrirtækja á sviði upplýsingatekni, starfað með sprotafyrirtækjum, er nýkjörinn formaður SUT og komið að stofnun Samtaka leikjafyrirtækja innan SI. Þessi ár hafa verið lærdómsrík og mér hefur þótt gefandi að miðla þeirri þekkingu sem ég hef öðlast hjá CCP. Nú langar mig að taka næsta skref og bjóða fram krafta mína í stjórn SI. **Áhugamál:** Tölvuleikir, ljósmyndun og stangveiði.



Ólafur Steinarsson

f. 5. apríl 1966 Plastprent hf.

Iðnfyrirtæki ganga í gegnum stormasama tíma um þessar mundir. Brýn þörf er á gagnrýnni umræðu um umhverfi lítilla sem stórra fyrirtækja og skapa þarf skilyrði sem bjóða upp á stöðugleika og vöxt að nýju. Samtök iðnaðarins gegna mikilvægu hlutverki og er ég reiðubúinn að leggja mína krafta fram þannig að rödd iðnaðarins heyrst sem best. Ég tel líka afskaplega mikilvægt að ráðamenn skilji þau erfiðu skilyrði sem eru í dag í öllum fyrirtækjarekstri og taki mið af því í sínum störfum. Ég hef góða reynslu af rekstri fyrirtækja héraendis og erlendis og tel að hún geti nýst samtökunum vel. **Áhugamál** eru tónlist, veiði og golf.



Vilborg Einarsdóttir

f. 31. desember 1967, Mentor ehf.

Síðastliðin fjögur ár hef ég unnið í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja auk þess að stjórna fyrirtæki sem er að ná góðum árangri á erlendum markaði. Ég vil nýta reynslu mína og þekkingu til að vinna að eflingu íslensks iðnaðar með sérstakri áherslu á nýsköpun enda er það bjargfóst trú mín að nýsköpun og þekking sé leiðin til vaxtar. Ég tel mikilvægt að í stjórn SI séu bæði karlar og konur því saman náum við auknum árangri. **Áhugamál** mín eru blak og samvera með fjölskyldunni.

Orgelsmiður

heiðursiðnaðarmaður ársins 2009



Björgvin Tómasson, orgelsmiður, Ásgrímur Jónasson, formaður Iðnaðarmannafélagsins og forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, sem afhenti heiðursverðlaunin

Björgvin Tómasson orgelsmiður hlaut viðurkenninguna *Heiðursiðnaðarmaður ársins 2009* á nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík sem haldin var í fjórða sinn 6. febrúar sl.

Markmið hátíðarinnar er að efla virðingu fyrir störfum iðnaðar og handverksmanna og virka sem hvatning fyrir ungt fólk til að velja sér störf við iðnað og handverk. Gera fólki grein fyrir mikilvægi iðnaðarmanna við byggingu mannvirkja og fyrir handverki en oft er erfitt að greina milli handverks og lista.

Af þeim sem tóku sveinspróf 2009 voru átján iðnsveinar tilnefndir af sveinsprófsnefndum og tilnefningin samþykkt af félögum meistara í viðkomandi iðngrein. Þeir hljóta silfurpening og bronspening fyrir árangurinn. Aðeins reyndur iðnaðarmaður fær gullpening sem heiðursiðnaðarmaður ársins. Það kom í hlut Óðins Gunnarssonar járnsmíðs á síðasta ári.

Í ár bárust fjórar tilnefningar, iðnaðarmenn sem hafa með verkum sínum vakið athygli fyrir vönduð vinnubrögð og nýjungar sem aukið hafa hróður þeirra, fyrir fagmennsku, dugnað, alúð og út-sjónarsemi við kennslu í iðngrein sinni. Tilnefndir voru:

Björgvin Tómasson orgelsmiður

Björgvin er löngu þekktur af verkum sínum. Hann hefur smíðað orgel við

kirkjur og félög víða um land. Smíðum hans hafa menn gefið nafnið listasmíð og hlotið einróma lof fyrir.

Gilbert Guðjónsson úrsmiður

Gilbert rekur litla úrsmíðavinnustofu og verslun við Laugaveg þar sem hannað og framleitt er hágæða úr og markaðssett með góðum árangri innanlands sem utan.

Helgi Rafnsson rafvirkjameistari

Við brottför varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli lagðist af starfsemi margra íslenskra fyrirtækja sem þjónuðu starfsemi Keflavíkurflugvallar. Helgi, ásamt félögum sínum Grétari Magnússyni og Vilhjálmi Vilhjálmsyni hófu sjálfstæðan atvinnurekstur með áherslu á notkun gæðakerfa til að tryggja góð verkskil og hafa á stuttum tíma byggt upp traust fyrirtæki sem sinnir þjónustu á mjög víðu sviði innan fagsins.

Örn Sigurðsson húsgagnasmíða- og útskurðarmeistari

Örn er þekktur fyrir vandað og listrænt handbragð. Hann er einn af fjórum meisturum sem endurgerðu handverk listamannsins Ríkharðs Jónssonar eftir brunann 1986 á baðstofu Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur í Lækjargötu. Örn er einnig þekktur kennari í útskurði.

Úrskurður dómnefndar var að Björgvin Tómasson orgelsmiður hlýtur sæmdarheitið *Heiðursiðnaðarmaður ársins 2009*.



Samtök atvinnurekenda þetta raðirnar

Að sameiginlegu frumkvæði Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs Íslands var haldinn fundur um þau vandamál sem blasa við atvinnulífinu. Fundinn sóttu formenn, varaformenn og framkvæmdastjórar tólf samtaka atvinnurekenda. Fundurinn sýnir glögggt að atvinnurekendur telja brýnt að þetta raðirnar til þess að takast á við verkefni framundan. Samtök iðnaðarins munu ekki láta sitt eftir liggja í slíku samstarfi.

Á fundinum komu fram verulegar áhyggjur af þróun mála síðustu mánuði, almennri stöðnun efnahagslífs og skorti á hagvaxtarhvetjandi úrræðum. Einnig var lýst sérstökum áhyggjum af skilningsleysi stjórnvalda á þeim vandamálum sem heimili og atvinnulíf glíma við um þessar mundir. Til að snúa megi vörn í sókn er nauðsynlegt að stuðlað verði að aukinni fjárfestingu og almennri verðmætasköpun með öllum tiltækum ráðum. Á næstu mánuðum og misserum munu hagsmunasamtök atvinnulífs samnýta krafta sýna í meira mæli en áður, með það að markmiði að endurreisn efnahagslífs gangi hraðar og skilvirkar fyrir sig og að komið verði í veg fyrir frekari skerðingu á rekstrarumhverfi íslensks atvinnulífs. Aðeins þannig muni hagvöxtur aukast og atvinnuástand batna.



Af þeim sem tóku sveinspróf 2009 voru átján iðnsveinar tilnefndir af sveinsprófsnefndum og tilnefningin samþykkt af félögum meistara í viðkomandi iðngrein. Þeir hljóta silfurpening og bronspening fyrir árangurinn.

Framhald af forsiðu **Menntadagur iðnaðarins**

Fundarstjóri var Vilborg Einarisdóttir, framkvæmdastjóri MENTORS.



Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, lagði áherslu á að skapa þyrfti á næstu árum störf fyrir um 35.000 manns. Störfin yrðu til í iðnaði og þjónustu. Forgangsræða

þyrfti í menntakerfinu og lyfta undir þá menntun, sem standa skal undir verðmætasköpun í framtíðinni. Hér skiptir alls konar menntun máli, en þó sérstaklega iðn- og tæknimenntun.



Menntamálaráðherra, **Katrín Jakobsdóttir**, nefndi að nú þyrfti að gæta aðhalds en um leið að hugsa til vaxtar. Óhjákvæmileg hagræðing í menntakerfinu þýðir ekki endilega verri

þjónustu á öllum sviðum. „Við þurfum að læra af tilraun Samtaka iðnaðarins um vinnustaðakennslu,“ sagði ráðherra. Hún vonast til þess að á næsta Menntadegi iðnaðarins verði ekki bara rætt um iðnám á undanhaldi heldur um aðgerðir til að rétta stöðu þess.



Ingi Bogi Bogason, forstöðumaður menntunar og mannauðs hjá SI, fjallaði um hlutverk iðnmeistarara og nauðsyn þess að tryggja að þekking og færni iðnmeistarara sé í samræmi við kröfur

markaðarins. Miklu máli skiptir að kennsla og námsefni standist gæðakröfur.



Í lok málpingsins varpaði fundastjórinn, Vilborg Einarisdóttir, þessari spurningu út í sal: „Segið í einu orði hvað þið lærðu hér í dag! Nefnið lykilorð.“ Salurinn hikaði ekki.

Þetta var uppskeran: mannaúður, gæði, samvinna, nýsköpun, engir kassar, sam-viska - í merkingunni það sem við vitum saman, hagræðing, viðhorfsbreyting, hugvit og verkvit, tækifæri í ógn, breið menntun, vinnustaðakennsla.



Krístrún Ísaksdóttir, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, kynnti ný drög að iðnmeistaránámskrá sem tekur við af námskrá frá 1996. Meginmarkmið iðnmeistaránámsins

verður að stofna og reka fyrirtæki og að gegna stjórnunarhlutverki.



Ferdinand Hansen, verkefnisstjóri hjá SI, greindi frá hugmyndum SI að nýju iðnmeistaránámi. Til grundvallar er lagt hlutverk iðnmeistarara í bygginga- og mannvirkjagerð og þær kröfur sem gerðar eru til hans. Útkoman er þriggja skrefa nám. Útkoman á að vera óumdeilanlega hæfur iðnmeistarari.



Baldur Gíslason, skóla- og iðnmeistarari Tækniskólans, gerir ráð fyrir þrjú iðnmeistaránámi. Til sé grunnnám í rekstri og stjórnun sem iðnmeistaránám byggist síðan á.

Að mati Baldurs þarf nýtt iðnmeistaránám að vera í takt við kröfur vinnu- og markaðarins, opna leið til framhaldsnáms og að vera gæðavottað.



Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, fjallaði um háskólamenntun til vaxtar. Að hans mati eru driffjaðrir hagvaxtar: fjárfesting, mannaúður og tækniframfarir. Hag-

ræðing í menntakerfinu getur leyst úr læðingi nýja vaxtarbrodda í menntakerfinu. Tryggja þarf þekkingarfæði milli skóla og atvinnulífs og aldrei er meiri nauðsyn til þess að horfa til alþjóðlegs samstarfs og viðmiða en um þessar mundir.



Sigurður Ólafsson, fræðslustjóri Alcoa Fjarðaáls, greindi frá því hvernig mannaúður er mótaður hjá einu stærsta og yngsta fyrirtæki landsins. Ráðnir voru 500

einstaklingar þegar atvinnuleysi var aðeins 1%. Þjálfar varð starfsfólk á örskömmum tíma. En hvernig? Sigurður segir að straumlínustjórnunarkerfi Alcoa hafi hér skipt sköpun.



Iðunn Kjartansdóttir, sérfræðingur hjá IÐUNNI fræðslusetri, sagði frá verkefni um raunfærni- mat. Það felur í sér að meta, skrá og votta færni fólks á vinnumarkaði þannig að viðkomandi geti fengið reynsluna metna inn í formlegt nám. Alls hafa 383 einstaklingar verið raunfærnimetnir og þar af hafa 69 lokið sveinsprófi.



Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti styrkina. Auk hennar eru á myndinni Guðrún Jakobsdóttir, hjá Sveinbírni Sigurðssyni hf., Eðvald Valgarðsson hjá Kjarnaæði hf., Dóra G. Jónsdóttir, hjá Gullkistunni og Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI. Á myndina vantar forsvarsmenn Vélaverkstæðis Hjalta og Vélsmiðu Hornafjarðar.

NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2010

SÍMENNTUN Í IÐNAÐI

Nýtt fræðsluár er nú að hefjast hjá IÐUNNI fræðslusetri. Fjölbreytt úrval námskeiða eru í boði á öllum okkar fagsviðum auk úrvals almennra námskeiða.

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér framboðið á www.idan.is



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

IÐNNEMAR - SVEINAR - NÝSVEINAR - MEISTARAR

Náms- og starfsráðgjöf IÐUNNAR fræðsluseturs

Hlutverk náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR fræðsluseturs er að veita iðnmenntuðum einstaklingum og iðnnemum margvíslegan stuðning og þjónustu meðan á námi stendur og í starfi. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að auknum árangri og vellíðan í námi og starfi. Skrifstofa náms- og starfsráðgjafar er í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2, 2. hæð og er opin alla virka daga frá kl. 9.00 - 16.00.

Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa á þeim tíma eru eftir samkomulagi. Einstaklingar geta bókað viðtal í síma 590-6400 eða með tölvupósti til náms- og starfsráðgjafa. Rafrænar fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið radgjof@idan.is

Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál.

ALLIR AÐILDARFÉLAGAR IÐUNNAR

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Aðstoð við t.d. markmiðsetningu, starfsþróun og áhugasvið.

ALLIR AÐILDARFÉLAGAR IÐUNNAR

Bættu um betur

– raunfærnimat IÐUNNAR fræðsluseturs

Raunfærnimat hentar einstaklingum með 5 ára starfsreynslu í iðngrein sinni, orðnir 25 ára og hafa hug á að ljúka námi sínu.

ALLIR AÐILDARFÉLAGAR IÐUNNAR

Sérúrræði í sveinsprófi og prófkvíði

Ráðgjöf vegna sérúrræða í sveinsprófum og prófkvíða.

ALLIR AÐILDARFÉLAGAR IÐUNNAR

Strong áhugasviðskönnun og „Í leit að starfi“

Ertu að huga að breytingum í námi eða starfi?

ALLIR SEM Hafa ÁHUGA Á AÐ BÆTA NÁMSTÆKNI SÍNA

Bætt námstækni – betri árangur

Viltu öðlast leiðni í notkun ýmissa aðferða í námstækni? 9 kennslustundir

STARFSMENNTADEILD

MEISTARAR, TILSJÓNARMENN, STARFSMANNASTJÓRAR, FRÆDSLUFULLTRÚAR, VERKSTJÓRAR OG AÐRIR SEM TAKA Á MÓTI NEMUM Í VINNUSTADANÁM.

Móttaka nema í vinnustaðanam 10 kennslustundir.

SVEINSPRÓFSNEFNIR

Að semja próf - verkleg kennsla 4 kennslustundir.

SVEINSPRÓFSNEFNIR

Gerð prófa í samhengi við annað námsmat

4 kennslustundir.

FYRIR STJÓRNENDUR

STJÓRNENDUR – MILLISTJÓRNENDUR – TILVONANDI STJÓRNENDUR

Stjórnun og stjórnandinn 18 kennslustundir.

STJÓRNENDUR – MILLISTJÓRNENDUR – TILVONANDI STJÓRNENDUR

Lækkun rekstrarkostnaðar 12 kennslustundir.

STJÓRNENDUR – MILLISTJÓRNENDUR – TILVONANDI STJÓRNENDUR

Starfsmanna- og launaviðtöl 12 kennslustundir.

ALLA SEM VIÐJA AUKA ÞJÓNUSTU OG LÆRA AÐ SELJA MEIRA

Að veita betri þjónustu og auka um leið sölu

6 kennslustundir.

STJÓRNENDUR – MILLISTJÓRNENDUR – TILVONANDI STJÓRNENDUR

Samningatækni: Endurskoðun á samningum við birgja og þjónustuaðila 12 kennslustundir.

TÖLVUNÁMSKEIÐ

ALLIR SEM VIÐJA BYGGJA UPP TRAUSTAN GRUNN FYRIR ÁFRAMHALDANDI TÖLVUNOTKUN

Tölvur ekkert mál - Grunnnámskeið 18 kennslustundir.

ALLIR SEM VIÐJA LÆRA AÐ NYTA SÉR KOSTI RITVINNSLU

Ritvinnsla í Word 18 kennslustundir.

ALLIR SEM VIÐJA LÆRA AÐ NYTA SÉR KOSTI TÖFLUREIKNIS

Töflureiknirinn Excel 18 kennslustundir.

ALLIR SEM VIÐJA LÆRA AÐ NYTA SÉR KOSTI TÖFLUREIKNIS

Töflureiknirinn Excel - framhald 18 kennslustundir.

ALLIR SEM VIÐJA LÆRA AÐ NOTA NETIÐ TIL GAGNS OG GAMANS

Internetið 18 kennslustundir.

TÖLVUSTUDD HÖNNUN

HÖNNUÐIR, MÁLMÍÐNADARMENN, TÆKNIMENN OG AÐRIR NYIR NOTENDUR INVENTOR

Autodesk Inventor 2010 Essentials®

Grunnnámskeið 48 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, IÐNADARMENN, TÆKNIMENN OG AÐRIR NYIR NOTENDUR AUTOCAD

AutoCAD 2010 & AutoCAD LT 2010®

Grunnnámskeið 48 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, IÐNADARMENN, TÆKNIMENN OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR AUTOCAD

AutoCAD 2010® Þrívídd 24 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, IÐNADARMENN, TÆKNIMENN OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR NOTENDUR AUTOCAD

AutoCAD Electrical 2010 Essentials® (IEC Standard)

24 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, IÐNADARMENN, TÆKNIMENN OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR INVENTOR / AUTOCAD-NOTENDUR

Inventor 2010® fyrir innréttingasmíði

24 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, IÐNADARMENN, TÆKNIMENN OG AÐRIR ÞJÁLFAÐIR INVENTOR / AUTOCAD-NOTENDUR

Inventor 2010® fyrir innréttingasmíði

24 kennslustundir.

HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ

HÁRSNYRTISVEINAR - MEISTARAR - NEMAR

Litaleiðréttingar og litafraði 4,5 kennslustundir.

NEMAR Í HÁRSNYRTIÐEN

Nemanámskeið 18 kennslustundir.

HÁRSNYRTISVEINAR - MEISTARAR - NEMAR

Varanleg liðun - workshop 10,5 kennslustundir.

HÁRSNYRTISVEINAR - MEISTARAR - NEMAR

H3 Klippi- og mótunarnámskeið 4,5 kennslustundir.

BÍLGREINASVIÐ

BIFREIDASMIÐIR

Rafeindabúnaður 22 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Skynjarar og hreyfliðir 11 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Notkun greiningartækja og afgasmæla

11 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Netkerfi 11 kennslustundir.

BÍLGREINASVIÐ FRH.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Stjórkerfi hreyfla, bilanagreining 22 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Skipulag og framkvæmd bilanagreininga

22 kennslustundir.

BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR, BIFVÉLAVIRKJAR

SRS öryggisbúnaður 11 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Hjólástillingar 22 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

CABAS tjónamatskerfið / grunnur 30 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR

Notkun AVO mæla 2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR

Notkun Sveiflusjá 2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Notkun bilanagreina 2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR

Notkun viðgerðabóka 2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR

Notkun rafmagnsteikninga 2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR

Súrefnisskynjarinn 2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR

CABAS tjónamatskerfið: Örnámskeið 1

2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR

CABAS tjónamatskerfið: Örnámskeið 2

2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR

STARFSFÓLK VERKSTÆDA

CABAS tjónamatskerfið: Örnámskeið 3 / aðstoð

2-4 kennslustundir.

BIFVÉLAVIRKJAR, BIFREIDASMIÐIR, BÍLAMÁLARAR, STARFSFÓLK VERKSTÆDA

CABAS tjónamatskerfið: Örnámskeið 4 / sérnám

2-4 kennslustundir.

BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

BYGGINGAMENN

Ábyrgð byggingarstjóra

10 kennslustundir.

ARKITEKTAR – BYGGINGARFRÆÐINGAR – TÆKNIFRÆÐINGAR – VERKFRÆÐINGAR

Námskeið um löggildingu mannvirkjahönnuða

50 kennslustundir.

BYGGINGAMENN

Tilboðsgerð 20 kennslustundir.

BYGGINGAMENN

Brunaþættingar 5 kennslustundir.

BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ

BYGGINGAMENN

Mælingar og mælitæki 20 kennslustundir.

BYGGINGAMENN

Niðurlögn steinsteypu 10 kennslustundir.

BYGGINGAMENN

Einangrun 10 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Útveggjaklæðningar 20 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Viðgerðir og viðhald húsa 20 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Parketgólf 20 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Verðskrá húsa miða - Uppmæling 20 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Viðhald og viðgerðir gamalla timburhúsa
15 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Þök 20 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Timburhús – fyrri hluti 20 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR

Timburhús – seinni hluti 20 kennslustundir.

PIPULAGNINGAMENN

Hita- og neysluvatnskerfi 20 kennslustundir.

PIPULAGNINGAMENN

Lagnir í sumarhús 10 kennslustundir.

PIPULAGNINGAMENN

Vatnsúðakerfi - Sprinkler 20 kennslustundir.

PIPULAGNINGAMENN

Stjórnstöðvar hitakerfa 10 kennslustundir.

PIPULAGNINGAMENN, MÁLMTÆKNIMENN OG AÐRIR LAGNAMENN.

Plastlagnir 62 kennslustundir.

MÚRARAR

Steypuviðgerðir 10 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR OG MÚRARAR

Upphengdar flísar 20 kennslustundir.

MÁLARAR

Vatnslökk - Akryl 10 kennslustundir.

MÁLARAR

Marmara- og viðarmálun 20 kennslustundir.

MÁLARAR

Gífsveggir – spartl og málun 10 kennslustundir.

MÁLARAR

Viðhald húsa 20 kennslustundir.

HÚSGAGNASMIÐIR

Húsgagnaviðgerðir - bæsun og lökkun
20 kennslustundir.

HÚSASMIÐIR, HÚSGAGNASMIÐIR

Notkun trésmiðavéla 20 kennslustundir.

DÚKLAGNINGAMENN

Dúklagnir í votrymum 10 kennslustundir.

DÚKLAGNINGAMENN

Verðskrá dúklagningamanna 10 kennslustundir.

MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ

MATREIÐSLUMENN, FRAMREIÐSLUMENN OG BAKARAR

Tertuskreytingar og smjörkrem 6 kennslustundir.

MATREIÐSLUMENN, FRAMREIÐSLUMENN, BAKARAR OG KJÖTIÐNÁÐARMENN.

Dagur Norræna eldhússins 10 kennslustundir.

MATREIÐSLUMENN, STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM OG BAKARÍUM.

Smurbrauð 16 kennslustundir (ein eining).

MATREIÐSLUMENN OG STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM

Matreiðsla á grænmetisfæði 6 kennslustundir.

STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM, VEITINGAHÚSUM OG BAKARÍUM

Súkkulaði „fæða guðanna“ 12 kennslustundir.

STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM, VEITINGAHÚSUM OG BAKARÍUM

Veisluborð 12 kennslustundir.

STARFSFÓLK Í VEITINGASAL

Þjónað til borðs 8 kennslustundir.

STARFSFÓLK Í MÖTUNEYTUM OG VEITINGAHÚSUM

Barþjónar 76 kennslustundir (4 einingar).

MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ

MÁLMIÐNÁÐARMENN, VÉLVIRKJAR OG VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni - Virkni vökvakerfa 42 kennslustundir.

MÁLMIÐNÁÐARMENN, VÉLVIRKJAR OG VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni – Framhald af virkni vökvakerfa
42 kennslustundir.

MÁLMIÐNÁÐARMENN, VÉLVIRKJAR OG VÉLSTJÓRAR

Vökvatækni – Rekstur, viðhald og bilanagreining
42 kennslustundir.

STARFSMENN VIÐ MÁLMSMÍÐAR

Málmstuða - Grunnur 18 kennslustundir.

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, BIFREIÐASMIÐIR

TIG-suða 18 kennslustundir.

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, BIFREIÐASMIÐIR

MIG / MAG-suða 18 kennslustundir.

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, BIFREIÐASMIÐIR

Pinnasuða - Grunnur 18 kennslustundir.

MÁLMTÆKNIMENN

Suðuferlar - Pinnasuða 18 kennslustundir.

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, PIPULAGNINGAMENN

Logsuða 18 kennslustundir.

MÁLMIÐNÁÐARMENN, SÚÐUMENN

Suðupjálfun í fyrirtækjum

Fer eftir þekkingu og leikni starfsmanns samkvæmt mati

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR

CNC-stýrðar iðnvélar 60 kennslustundir.

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR

Rennismiði og fræsing 36 kennslustundir.

BLIKKSMÍÐIR, MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, HÖNNUÐIR

Loftræsikerfi. Tilgangur og hönnunarforsendur
27 kennslustundir.

BLIKKSMÍÐIR, MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, HÖNNUÐIR

Gerðir loftræsikerfa 27 kennslustundir.

BLIKKSMÍÐIR, MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRAR, HÖNNUÐIR

Uppbygging loftræsikerfa 36 kennslustundir.

MÁLMTÆKNIMENN

Rafmagnsfræði fyrir málmtnæknimenn
60 kennslustundir.

MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ FRH.

MÁLMTÆKNIMENN, VÉLSTJÓRNAR

Iðntölvustýringar I 50 kennslustundir

VÉLSTJÓRAR, MÁLMTÆKNIMENN

Kælitækni 60 kennslustundir.

VÉLSTJÓRAR, MÁLMTÆKNIMENN

Kælitækni – Áfylling á kælikerfi 20 kennslustundir.

PIPULAGNINGAMENN, MÁLMTÆKNIMENN OG AÐRIR LAGNAMENN.

Plastlagnir 62 kennslustundir.

PRENTTÆKNISVIÐ

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

InDesign grunnur 24 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

InDesign framhald 24 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

Illustrator grunnur 24 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

Illustrator framhald 24 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

Breytt forvinnsla - RGB vinnuflæði 4 kennslustundir.

PRENTARAR, PRENTSMÍÐJÓRAR OG TÆKNIMENN PRENTSMÍÐJA

Breytt forvinnsla - RGB vinnuflæði

Hver heimsókn spannar um 2-4 klst.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

Frásagnarteikning og myndskreytingar bóka
45 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

Bókahönnun 45 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

Hönnun bókkarkápa 45 kennslustundir.

HÖNNUÐIR, GRAFÍSKIR MIÐLARAR, FAGFÓLK Í AUGLÝSINGAGERÐ

Flash í CS4 12 kennslustundir.

PRENTARAR, FAGMENN Í PRENTSAL

Valsaskipti og blanket 4.5 kennslustundir.

PRENTARAR, FAGMENN Í PRENTSAL

Farfi, pappír, fontar 4.5 kennslustundir.


IDAN
fræðslusetur

Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is

Mentor og Stiki hljóta viðurkenningar frá FKA



FKA viðurkenninguna 2010 hlaut Vilborg Einarsdóttir, Mentor; hvatningarviðurkenningu, Marín Magnúsdóttir, Practical; þakkarviðurkenningu, Bárna Magnúsdóttir, Dansrækt JSB; Gæfusporið hlaut Svana Helen Björnsdóttir, Stika, Birna Einarsdóttir og Gylfi Magnússon afhentu verðlaunin.

Vilborg Einarsdóttir framkvæmdastjóri Mentor hlaut FKA viðurkenninguna 2010 sem veitt var við hátíðlega athöfn 21. janúar sl. Þetta er í 11. sinn sem Félag kvenna í atvinnurekstri veitir þessa viðurkenningu.

Mentor var stofnað árið 2000 og var Vilborg Einarsdóttir einn af stofnendum félagsins. Óhætt er að segja að tilkoma fyrirtækisins hafi gerbylt öllu skólasterfi og auðveldað til muna samskipti kennara, foreldra og nemenda. Mentor hefur hlotið fjölmörg verðlaun á liðnum árum

og nægir þar að nefna Vaxtarsprotann 2008 og 2009 fyrir öflugna uppbyggingu sprotafyrirtækis.

Gæfuspor FKA hlaut Stiki fyrir að hafa skarað fram úr við að virkja kraft kvenna innan sinna raða en fjórir af fimm stjórnendum fyrirtækisins eru konur. **Svana Helen Björnsdóttir**, forstjóri Stika tók við viðurkenningunni.

Vilborg situr í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja og Svana er nýkjörinn formaður samtakanna.



Góðar fréttir í mannvirkjagerð

Það hefur verið eitt af helstu baráttumálum SI undanfarin misseri að fá opinbera aðila til arðbærrar mannvirkjagerðar. SI fagna því staðfestingu umhverfisráðuneytis á ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu og útboðum Landsvirkjunar vegna Bú-arhálsvirkjunar og Vegagerðarinnar vegna breikkunar Suðurlandsveggar og Vesturlandsveggar.

„Þetta eru mikilvægar fréttir“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI. „Vonandi er þetta til marks um að nú takist að rjúfa þá kyrrstöðu sem verið hefur í framkvæmdum. Þessar fréttir eru ekki síður gleðilegar vegna þess að þær munu auka mönnum bjartsýni og kjark. Það hefur því miður ekki verið mikið um slíkar fréttir undanfarið. Hinu má þó ekki gleyma að þetta leysir ekki nema lítinn hluta þess vanda sem mannvirkjagerðin glímir við og að þessar framkvæmdir verða ekki fyrir en í sumari. Það getur reynst mörgum fyrirtækjum um megn að biða þangað til.“

Nýr formaður SUT



Hilmar Veigar Pétursson forstjóri CCP er nýr formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja (SUT) og tekur við af Þórólfi Árnasyni. Samtök upplýsingatæknifyrirtækja eru starfrækt undir Samtökum iðnaðarins. Hilmar var áður varaformaður SUT en við því embætti tekur Jón Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri Trackwell. Þá má geta þess að Hilmar hlaut nýlega titilinn maður ársins í viðskiptalífinu, ásamt Jóni Sigurðssyni forstjóra Össurar, samkvæmt Markaðinum, viðskiptablaði Fréttablaðsins.